

Fréttabréf 3 - 2025


Næsta tímabil OatFrontiers

Búið er að greina niðurstöður síðasta árs og sáð hefur verið í næstu tilraunir. Nú er að hefjast tími svipgerðargreininga yfir vaxtartímabilið auk undirbúnings fyrir spildudaga.

Breytileiki á gæðum hafra

Síðasta sumar lögðu Jaðarhafrar (e. OatFrontiers) út tvær gerðir tilrauna til að kanna gæði uppskeru. Þar var m.a. mælt uppskerumagn, fræstærð og prótín. Önnur tilraunin beindist að fjölbreyttu safni hafralína með það markmið að finna nýja eiginleika fyrir kynbætur í framtíðinni. Tilraunin var lögð út í smáreitum á þremur stöðum í Evrópu og aukalega á einum stað í Bandaríkjunum. Hin tilraunin fólst í því að prófa allt að 30 yrki af höfrum á markaði í uppskerureitum á átta mismunandi stöðum.

Uppskeran úr uppskerutilrauninni var mjög mismunandi eftir svæðum. Samanburðarstaðurinn, Ás, sem er utan NPA, hafði mestu uppskeru að meðaltali meðan hafrarnir hér á Íslandi þroskuðust seint. Afbrigðið Hurja stóð sig vel á öllum stöðum og var á meðal þeirra fimm sem mældust með hæsta próteininnihaldið, á bilinu 9-16% og með rúmþyngd (g/dL) frá 40,2-69,8, sem undirstrikar breytileika í gæðum hafra eftir umhverfi. Á Íslandi var uppskera Hurja 4,7 tonn þe/ha og rúmþyngdin 46,9 g/dL



Fjölmarginir viðburðir á tilraunastöðum, fræðsluferð og vinnustofa

Til viðbótar við spildudaga á tilraunastöðum verður haldin fræðsluferð fyrir hagsmunaaðila dagana 4.- 5. ágúst í norður Osthrobothnia í Finnlandi. Einnig verður vinnustofa þann 16. október í Steinkjer, Noregi, hún verður einnig í boði á fjarfundi. Endilega skoðið heimasíðuna okkar fyrir frekari upplýsingar.

Fyrstu vikuna í september verður haldinn spildudagur í Gunnarsholti, þar sem tilraunir Jaðarhafra á Íslandi verða kynntar ásamt öðrum tilraunum Landbúnaðarháskólans sem staðsettar eru þar. Nánari tímasetning verður auglýst síðar.

Kynningarmyndband um Jaðarhafra (e. OatFrontiers)

Komið er út kynningarmyndband í samstarfi við finnska fyrirtækið VideoVille þar sem verkefnið Jaðarhafrar er kynnt. Athugið að myndbandið er með texta á öllum tungumálum verkefnisins. <https://youtu.be/Vo9QwU8bLBU>



Hafrasérfræðingar á spildudegi í Gunnarsholti, 2024

Fréttabréf 3 - 2025

Jaðarhafrar (e. OatFrontiers)



Espen Sørensen
(Graminor) á spildudegi
NIBIO í Steinkjer

Tilraunir NIBIO í Tromsø

Sigríður Dalmannsdóttir
(NIBIO), Morten Lillemo
(NMBU) og tæknimaður
ræða kornþroska

Hafrasérfræðingarnir í Noregi

Jaðarhafrar (e. OatFrontiers) er sameiginlegt verkefni tíu samstarfsaðila sem koma frá háskólum, rannsóknarstofnunum og kynbótastofnunum í sex löndum. Hér að neðan verða samstarfsaðilar verkefnisins frá Noregi kynntir:

Landbúnaðarháskólinn að Ási í Noregi (NMBU) leiðir vinnuna sem snýr að því að auka fjölbreytileika hafra fyrir framtíðarkynbætur á NPA- svæðinu. Morten Lillemo, prófessor, sérfræðingurinn Min Lin og doktorsnemin Kai Ilves munu samræma rannsóknir í erfðafræði og varðveita og fjölga sáði af höfrum með fjölbreyttum eiginleikum. Sem verða síðan notaðar á öllum tilraunastöðum verkefnisins. Þetta felur í sér að greina svipfarsgögn frá öllum rannsóknarstöðum og nota erfðagögn til að bera kennsl á gen sem tengjast eiginleikum sem eru mikilvægir fyrir ræktun við norðlægar slóðir.

Norska lífvísindastofnunin (NIBIO) er rannsóknarstofnun á vegum landbúnaðar-ráðuneytisins. Therese Birkeland Fossøy, sérfræðingur hjá NIBIO í Steinkjer og Sigríður Dalmannsdóttir, plöntulífeðlisfræðingur hjá NIBIO í Tromsø halda utan um tilraunirnar í Steinkjer og Tromsø í Noregi. Hilde Halland, sérfræðingur hjá NIBIO í Tromsø stýrir miðlun og upplýsingjöf verkefnisins, þar með talið viðburði fyrir bændur og aðra hagsmunaaðila eins og spildudaga og vinnustofur.

Þriðja stofnunin frá Noregi sem kemur að verkefninu er Graminor. En þau eru leiðandi í plöntukynbótum í Noregi og þróa ný yrki allra helstu korntegunda, þar á meðal hafra, auk þess að prófa erlent efni fyrir norskan markað. Espen Sørensen, kynbótasérfræðingur mun framkvæma gæðagreiningar á fræsýnum frá öllum tilraunasvæðum í Noregi. Graminor mun nýta þá þekkingu sem fæst í gegnum verkefnið til að þróa ný yrki fyrir NPA- svæðið í gegnum norska kynbótaverkefnið.

Fylgdu okkur á samfélagsmiðlum og kíktu á viðburði

Endilega látið okkur vita ef þið hafið áhuga á að fá frekari upplýsingar um viðburði á vegum verkefnisins:

<https://forms.office.com/e/yy6j5jMBVe>

Nánari upplýsingar um viðburðina má finna á heimasíðu verkefnisins og á samfélagsmiðlum:

<https://www.interreg-npa.eu/projects/oatfrontiers/>

<https://twitter.com/OatFrontiers>

